

Guðný Zoëga

Fornleifarannsókn í landi Skáldalækjar í Svarfaðardal



Gunnsa

Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2009/86



© Guðný Zoëga/Byggðasafn Skagfirðinga
2009/86

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Lýsing minja	3
Uppgröftur.....	4
Skurður 1 – í austurvegg stekkjartóftar.....	5
Skurður 2 – í vestur langvegg eldri tóftar	7
Niðurstöður borkjarnarannsóknar	9
Samantekt/umræða.....	12
Niðurstöður	13



Horft til vesturs yfir minjasvæðið. Næst á myndinni er yngsta stekkjartóftin og skurður 1. Lengra í burtu eru óljósari eldri tóftaleifar og skurður 2.

Inngangur

Vegagerðin áætlað vegabætur á tveimur köflum á svokölluðum Skíðadalsvegi í Svarfaðardal. Ætlunin er að endurbyggja og styrkja veginn og leggja á hann bundið slitlag og munu framkvæmdirnar að mestu fylgja núverandi vegi. Fyrsti áfangi er vegkaflinn Skáldalækur-Brautarhóll og er þar farið í gegnum land Skáldalækjar. Í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands, Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII¹ er skráð stekkjartóft [Ey-178:014] um 450m suður af Skáldalækjarbænum. Tóftin liggur um 20m neðan og vestan núverandi þjóðveg og samkvæmt áliti frá minjaverði Norðurlands vestra lenda minjarnar líklega undir vegfyllingu. Því var talið nauðsynlegt að fornleifakönnun yrði gerð á staðnum til að meta eðli og umfang þeirra minja sem þar kynnu að vera. Vegagerðin fékk Fornleifadeild Byggyðasafns Skagfirðinga til að gera fornleifakönnun á meintri stekkjartóft. Rannsóknin fór fram dagana 3.-4. september 2009. Tóftirnar voru mældar upp með nákvæmu gps tæki og skurðir teknir í þær á tveimur stöðum. Einnig var notaður kjarnabor til að afmarka það svæði sem minjar

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2003). Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar frá Skáldalæk í austanverðum Svarfaðardal, á Hámundarstaðahálsi og Árskógsströnd suður að Þorvaldsdal. Fornleifastofnun Íslands FS204-99094. Bls. 77.

kynnu að leynast á neðanjarðar. Við kunnum Reimari Þorleifssyni, landeiganda, þakkir fyrir upplýsingar og leyfi til uppgrftarins. Rannsóknin var unnin af Guðnýju Zoëga og Guðmundi St. Sigurðarsyni, fornleifafræðingum.

Lýsing minja


Dálítil upphækkun eða nes liggur vestan brattrar brekku niður frá þjóðveginum um 500m sunnan Skáldalækjarbæjar. Nesið liggur til vesturs út í mýrlendi og umlykur mýri það á þrjá vegu. Austast á nesinu, undir brekkunni er upphækkun og efst á henni vel greinanlegt tvískipt tóft, líklega stekkjartóft. Tóftin er um 13m löng og 7m breið og liggur norðvestur-suðaustur.

Austast í henni er lítið hólf eða lambakró en stærri rétt er áföst vestan

þess og hlið hefur verið á milli. Hinsvegar er greinilegt að tóftin liggur á nokkurri upphækkun sem bendir til endurbygginga og virðist vesturhluti hennar liggja að hluta yfir eldri tóft. Eldri tóftin er nokkuð óglögg með stefnu nálega norður-suður og virðist geta verið af eldri stekk eða lítilli rétt. Upphækkunin sem tóftirnar liggja á er um 20x16m að ummáli og var hóllinn hæstur vestast undir eldri tóftinni. Engin ummerki voru um túngarð eða fleiri tóftir á svæðinu.



Horft yfir rústasvæðið til austurs í átt að veginum. Skurður 2 í forgrunni.



Yfirlitsmynd sem sýnir legu minja og könnunarskurða.

Uppgröftur

Tveir skurðir voru grafnir, sá fyrri í gegn um austurvegg lambakróarinnar á yngri tóftinni en sá síðari í það sem virtist vestur langveggur eldri tóftarinnar. Sniðteikningar er að finna aftast í skýrslu. Í borkjarna sem tekinn var norðan tóftanna komu fram þrjú gjóskulög, en gjóskulögin eru notuð til viðmiðunar um aldur tófta. Efst, um 2sm undir grasrót, lá svart gjóskulag 0,5sm þykkt. Um 10sm neðan þess var gráleitara gjóskulag um 0,5sm þykkt og um 15sm neðan þess örþunnt hvítt gjóskulag. Efsta gjóskulagið kann að vera svokallað gjóskulag

„a“ sem er rakið til goss í Veiðivötnum 1477. Lagið er dökkt að lit og finnst á Eyjafjarðarsvæðinu allt upp í 2sm að þykkt² og mun víða liggja skammt undir yfirborði. Gráu gjóskunni svipar til gjósku sem féll í Heklugosi árið 1300 og finnst víða í austanverðum Skagafirði og mun einnig þekkt í Eyjafirði.³ Hvíta gjóskan er svo líklega gjóska úr Heklu frá 1104. Sýni voru tekin til gjóskulagagreiningar en hafa ekki verið greind og ályktanir út frá gjósku í sniðum verða því einungis til viðmiðunar.

Skurður 1 – í austurvegg stekkjartóftar

Skurður var grafinn þvert í gegnum vegg og inn í lambakróna. Hann var 230sm langur, 60sm breiður og um metri á dýpt. Norðurhlið skurðar var teiknuð upp.



Leifar þriggja byggingastiga. Neðst er eldri torfveggur með grárri gjósku. Ofan hans er veggurinn sem enn sést á yfirborði en í honum eru þykk lög af dökkri gjósku, líklega frá gosi í Veiðivötnum árið 1477.

Í skurðinum komu fram þrjú byggingarskeið. Efst undir grasrót er veggurinn sem sést á yfirborði [4]. Í honum eru 0,5-1sm þykkar linsur af dökkri gjósku, nánast svartri, mögulega

² Jón Benjamínsson (1982). Gjóskulag „a“ á Norð-Austurlandi. Í *Eldur er í norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. Janúar 1982*. Sögufélag. Reykjavík. Bls. 181-186.

³ Samkvæmt samtali við Þóru Pétursdóttur fornleifafræðing þann 08.10.09.

Vv1477. Þessi hluti veggjarins er um 30sm á þykkt og virðist vera endurbygging á eldri vegg [7] sem inniheldur linsur af samskonar gjósku en þær eru þó þykkari, allt að 2sm. Neðri hluti veggjar er allt að 30c-sm þykkur. Hrun úr neðri hluta veggjarins myndar 20sm lag sem [6] liggur til austurs og virðist veggurinn hafa verið að hluta fallinn þegar hann var gildaður upp. Efri hluti veggjarins [3] hefur einnig hrunið til austurs. Inni í tóftinni eru mörg samsíða lárétt lífræn lög [8] sem tilheyra gólfinu í stekknunum. Lögin eru þunn og milli þeirra er fokmold sem bendir til árstíðabundinnar notkunar. Alls eru gólflögin um 40cm að þykkt. Flest gólflaganna [8] virðast tilheyra neðri hluta veggjarins en tveggja sentímetra fokmoldarlag [2] liggur á milli þeirra og lagsins [5] sem virðist tilheyra efri hluta hans. Það lag er einungis um sentímetri á þykkt og kann að vera að notkunartími yngsta stekkjarins hafi verið stuttur. Þó er ekki hægt að útiloka að stekkurinn hafi eingöngu lagst af í einhver ár og að gólflagabunkinn tilheyri báðum byggingarstigum veggjarins. Undir neðri hluta veggjarins er svo um 10-30sm þykkt óhreyft moldarlag [9] og í því slitrur af hvítri gjósku, líklega H1104. Undir því lagi er torfveggur [12]. Sá veggur er nokkru ógleggri en efri veggurinn en í honum er að finna 2-5mm linsur af dökkgrárrí gjósku, líklega H1300. Sá veggur er um 30sm þar sem hann er hæstur og virðist hafa hrunið inn á við [13] til vesturs. Honum fylgir um 6sm þykkt gráleitt lífrænt gólflag [14]. Ofan efsta gólflagsins sem tilheyrt hefur yngsta stekknunum er síðan allt að 20sm þykkt fokmoldarlag [2] upp í grasrót.

Túlkun:

Svo virðist sem þarna hafi staðið rétt eða stekkur, byggður eftir 1300. Sú bygging hefur lagst af og liðið nokkur tími þangað til að byggt var upp aftur, líklega eftir 1477. Sá torfveggur hefur verið endurbyggður a.m.k. einu sinni. Engin gjóska fannst ofan á tóftinni og engin merki um mannvist svo sem kola- eða móöskuleifar í gólflögum sem styrkir þá hugmynd að þarna sé um stekk að ræða. Magn fokmoldarinnar inni í yngstu tóftinni bendir til að hún hafi verið aflögð, líklega þegar á 19. öld.

Skurður 2 – í vestur langvegg eldri tóftar

Annar skurður var grafinn í gegnum óljósan vegg tóftar sem liggur undir stekkjartóftinni. Hann var 140sm langur, 70sm breiður og um metri á dýpt. Efst, rétt undir grasrót, kom fram svart gjóskulag sem virðist óhreyft yfir tóftarveggnum. Gjóskan er allt frá því að vera um 5mm að þykkt upp í að hafa safnast fyrir í um 5sm þykkun bunnar upp við stein sem lá rétt undir yfirborði. Undir gjóskunni tekur við 20sm fokmoldarlag [2] niður á vegginn [3/5] sem gerður er úr rauðleitu mýrartorfi með linsum af ljósri gjósku, líklega H1104. Innan torfveggjarins er rótað torflag [4], samskonar torf og virðist vera í veggnum með flekkjum af H1104. Ekki var hægt að greina gólflög af neinu tagi. Undir veggnum er svo 3-5sm þykkt fokmoldarlag og er gjóskan H1104 óhreyfð í því. Hekla 1104 virðist liggja nokkurn veginn beint ofan á lagi með rótuðu torfi, e.t.v. úr þekju [7]. Undir því lagi liggja svo um 15sm þykk röð gólflaga. Neðst er gólflög með kolum og móösku um 7sm þykkt. Ofan þess er svo um 7sm lag af rótuðu torfi og ofan þess um 1sm þykkt dökkt lífrænt lag, líklega gólflög. Undir gólflögunum er svo rótað lag [10] sem í er mikið af forsögulegri gjósku H3.



Í skurði 2 kom fram gólflög sem í var móaska og koladreif. Undir gólflagið er rótað torflag sem virðist hafa verið til að slétta undir gólf byggingarinnar. Ljóst gjóskulag, líklega Hekla 1104, var greinanleg yfir leifum þessarar byggingar í öllum skurðinum.

Túlkun:

Ljóst er að eldri tóftin sem liggur undir stekkjartóftinni er aflögð nokkru áður en svarta gjóskulagið féll, mögulega nokkru fyrir seinni hluta 15. aldar. Hún virðist byggð skömmu eftir að H1104 féll en þunnt fokmoldarlag liggur yfir gjóskunni undir neðsta hluta veggjarins. Ekkert gólflag fylgir tóftinni sem bendir fremur til að þar sé um að ræða rétt eða stekk fremur en einhverskonar hús. Þó er ekki hægt að fullyrða þar um nema með frekari rannsókn. Undir þessari byggingu er önnur sem virðist hafa verið aflögð fyrir 1104, en ljós gjóska sem líklegast er úr Heklu frá 1104 liggur óhreyfð yfir torfi úr þekju og gólfi hennar. Kol og móaska í gólflagi bendir til einhverskonar mannabústaðar þó svo að óvíst sé hversu löng sú búseta hafi verið. Torf virðist hafa verið borið í gólfið en ofan á því er einungis einfalt gólflag þannig að notkun byggingarinnar eftir það hefur verið skammvinn. Undir gólfinu er rótað torflag sem virðist hafa verið til að slétta undir bygginguna.


Niðurstöður borkjarnarannsóknar

Kjarnabor var notaður til að ákvarða nánar hvar vænlegast væri að grafa skurði í eldra mannvirkið auk þess sem borkjarnar voru teknir utan tóftanna til að ákvarða stærð minjasvæðisins. Í nokkrum kjarnanna kom fram svarta gjóskan sem lá yfir eldri tóftinni sem sést á yfirborði og virðist dýptin á því hafa verið um 3-11sm undir grasrót. Einnig komu fram merki um gráleitari gjósku sem lá um 10sm neðan svörtu gjóskunnar.



Tvö dökk gjóskulög sem liggja ofarlega í jarðvegi. Efst er svart gjóskulag, mögulega úr Veiðivötnum 1477 og neðan þess er grárri lag sem líkist gjósku úr Heklu frá 1300.

Í eldri tóftinni komu fram merki um dökka gjósku í torfi sem lá um 30sm neðan við svörtu gjóskuna en hún virtist of dökk til að geta verið Hekla 1300. Það kann því að vera um eldra gjóskulag að ræða þótt ekki verið fullyrt um það. Annars gáfu borkjarnarnir það til kynna að útmörk minja afmarkast nokkurn veginn af upphækkuninni sem greinanleg er undir og til vesturs frá stekkjartóftinni. Vestar á nesinu sem tóftirnar liggja á var komið niður á mel stutt undir yfirborði og engar mannvistarleifar fundust norðan og sunnan tóftanna.



Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu borkjarna.

Kjarnabor – jarðlagalýsing

1. Tekinn var kjarni norðan lambakróar til að ákvarða hvort frekara framhald yrði á neðsta veggjarlaginu í skurði 1 [12]. Þar eru 15sm niður á jarðveg sem virðist rótaður, dreif af hvítri og svartri gjósku í rótinu. Rótaða lagið liggur niður á 45sm dýpi en þar var steinn.
2. Kjarninn var tekinn í nyrðri vegg í eldri tóftirnar. Dökk gjóska á 11sm dýpi, virðist in situ. Á 40sm dýpi kom fram 20sm þykkt torflag, rauðleitt með dökkri gjósku. Neðan þess óhreyft.
3. Svört gjóska kom fram 5sm undir grasrót. Á 30sm dýpi kom fram 20sm þykkt rauðleitt torf með dökkri gjósku. Steinn neðst í kjarna.

4. Tekinn vestast í hólinn rétt vestan veggjar sem sjá má á yfirborði. Rótað torf kom fram strax undir grasrót, torf og koladreif. Lagið er greinanlegt niður á 50sm dýpi en þar var komið niður á stein.
5. Kjarni 5 var tekinn vestast í tóftahólinn. Rótaður jarðvegur með torfi og koladreif niður á 35sm dýpi þar sem var komið niður á fast.
6. Um 1sm undir grasrót kom fram svört gjóska um 5mm að þykkt (Vv1477?). 10sm neðan gjóskunnar kom fram annað gráleitara gjóskulag (H1300?) um 5mm að þykkt. Á 46sm dýpi kom fram ljós þunn gjóska (H1104). Milli gráu og hvítu gjóskunnar voru óljósar mannvistarleifar. Á um 60sm dýpi var komið niður á fast.
7. Kjarni 7 var tekinn í tóftarlíka jarðmyndun við brekkufót. Engin merki komu fram um mannvist eða mannvirki í kjarnanum.
8. Kjarni 8 var tekinn nyrst á svæðinu neðst í brekku. Í honum kom fram svört gjóska neðst í grasrót en annars var engin mannvist í kjarnanum. Komið var niður á fast á 40sm dýpi.
9. Engin ummerki voru um mannvist í kjarna 9 sem var tekinn undir brekkurótum norðaustast á svæðinu. Komið var niður á fast á 60sm dýpi.
10. Kjarni 10 var tekinn austan svæðisins neðan brekku. Á 21sm dýpi var komið niður á svarta gjósku og gráa gjósku á 42sm dýpi, en komið var niður á stein á 50sm dýpi.
11. Kjarni 11 var tekinn um metra sunnan stekkjartóftarinnar sem greinilegust er á yfirborði. Um 5sm undir grasrót kom fram torfrót sem í var að finna H1104 og gráa gjósku. Torfið í kjarnanum náði niður á 40sm dýpi en þar var komið niður á steina.
12. Kjarni 12 var tekinn syðst í rústabungunni. Á 20sm dýpi var mjög rótaður jarðvegur niður á 42sm þar sem komið var niður á fast.
13. Kjarni 13 var tekinn í ójöfnur um 10m sunnan tóftanna í brekku niður og vestur af þjóðveginum. Engin merki um mannvist eða byggingaleifar var að finna í kjarnanum. Komið var niður á fast á 60sm dýpi.
14. Kjarni 14 var tekinn á melnum um 4m vestur af tóftabungunni. Þar fundust engar mannvistaleifar og komið var niður á fast á 30sm dýpi.

Samantekt/umræða

Við vettvangsskoðun á meintri stekkjartóft haustið 2009 kom í ljós að um fleiri minjar er að ræða á svæðinu, bæði eru ummerki um eldri tóftir á yfirborði en einnig liggja minjarnar á upphækkun sem benti til að eldri leifar leyndust undir þeim. Niðurstöður skurðanna tveggja sem teknir voru og borkjarna staðfestu að jarðlægar fornleifar væru nokkuð umfangsmeiri en yfirborðstóftir gáfu til kynna.

Vísbendingar fundust um mannabústað sem aflagður hefur verið líklega þegar á 11. öld. Ofan á honum hefur síðar verið reist rétt eða stekkur sem vera kann að sé frá 13. til 14. öld en hefur verið aflagður nokkru áður en að svarta gjóskan sem lá óhreyfð að hluta yfir mannvirkinu féll. Þessa gjósku er hinsvegar að finna í veggjum stekkjjar þess sem lagt var upp með að rannsaka. Sé svarta gjóskulagið hið svokallaða „a-lag“ frá 1477, er ljóst að stekkurinn hefur verið reistur eftir það. Hann hefur svo verið endurbyggður síðar. Ekki var hægt að greina nánar hvenær sú endurbygging var gerð en vísbendingar voru um að notkun hans hafi verið hætt einhvern tíma áður en að veggurinn var gildaður upp. Undir stekknunum komu svo fram merki um eldri torfvegg en torfið í honum var mun niðurbrotnara og óljósara en í efri veggjunum. Grá gjóska var í torfinu sem gæti bent til að veggurinn hafi verið reistur eftir 1300. Ekki er hægt að fullyrða um hvernig mannvirki neðsti torfveggurinn hefur tilheyrt en það virðist ekki hafa verið mannabústaður. Vera kann að torfveggurinn sem liggur undir stekknunum (að austan) sé samtíða tóftinni sem liggur undir stekknunum og sést á yfirborði (að vestan). Um það verður ekki fullýrt, en mismunandi torf er að finna í sitthvorum veggnum.

Það eru þá a.m.k. fjögur mismunandi byggingaskeið sem greina má í rústahólnum, e.t.v. 5. Það er því augljóst að staðurinn hefur um aldir verið notaður í ýmsum tilgangi. Athyglisverðust var vísbendingin um að þarna hafi verið mannabústaður fram á 11. öld en ólíklegt er að þarna hafi nokkurn tímann verið sjálfstætt býli þar sem að undirlendi er nánast ekkert umhverfis tóftirnar og er því líklega um að ræða einhverskonar afbýli eða hjáleigu. Þó kann auðvitað að vera að land hafi breyst þarna í tímans rás. Ekki er hægt að fullyrða um hversu stór sú bygging hefur verið en einungis var komið niður á gólf innan hennar en eiginlegir veggir sáust ekki í skurðinum sem tekinn var.

Heimildamaður og eigandi landsins sem minjarnar liggja á, Reimar Þorleifsson á Dalvík, taldi að þarna gæti verið um að ræða fornbýlið Saurbæjarkot sem getið er í jarðabók Árna og Páls. Í jarðabókinni sem er frá fyrri hluta 18. aldar segir: „Saurbæarkot, forn eyðihjáleiga. Bygð

fyrir manna minni í úthögum, en eyðilagðist hjer um fyrir 50 árum, og er þar nú stekkur heimajarðarinnar. [...] Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er mjög lítið og heyskapur enginn, nema hann sje tekinn frá heimajörðunni.“⁴ Þar er Saurbæjarkot talið til jarðarinnar Sökku sem liggur næst sunnan Skáldalækjar og í fornleifaskrá er kotið talið hafa legið á og verið samnefnt svokölluðum Saurbæjarhóli í Sökkulandi sem nú er eyðilagður vegna malarnáms.⁵ Ekki skal hér fullyrt um hvaða nafn þessi bústaður hefur borið en miðað við að Árni og Páll telja býlið hafa farið í eyði á 17. öld virðist minjarnar sem hér um ræða vera of gamlar til að vera umrætt kot.

Með því að bera saman uppmælingu minja við veglínuna eins og hún er sýnd á teikningu frá Vegagerðinni má sjá að austasti hluti tóftasvæðisins er rétt um 7m vestan við útmörk vegfláa (sjá teikningu aftast í skýrslu). Það er því ljóst að minjarnar eru í töluverðri hættu af völdum framkvæmdanna verði veglína óbreytt. Minjavörður Norðurlands eystra metur hvaða mótvægisáðgerðum þarf að beita vegna nálægðar minja við veglínu.

Niðurstöður


Samkvæmt úrskurði minjavarðar Norðurlands eystra var gerð fornleifakönnun á stekkjartóft og nálægum minjum í landi Skáldalækjar í Svarfaðardal í tengslum við væntanlegar vegbætur. Rannsóknin var gerð fyrir Vegagerðina að fengnu leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Rannsóknin leiddi í ljós minjar frá 10-11. öld og allt fram á 18.-19. öld. Bæði er um að ræða mannabústað einhverskonar en einnig leifar stekkja og mögulega réttar.

Sé sýnt að minjarnar eða hluti þeirra muni hverfa við vegagerðina ber að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja meggi eða hylja þær að öllu eða hluta (Þjóðminjalög no. 107 frá 2001, 10 gr.). Reikna má með að slíkt leyfi verið háð því að frekari fornleifarannsóknir fari fram á staðnum.

⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín (1987). *Jarðabók. Eyjafjarðarsýsla*. Hið íslenska fræðafélag. Reykjavík. Bls. 95.

⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2002). Fornleifaskráning Eyjafjarðar XVOO: Fornleifar í Skíðadal, frá Kóngssstöðum og norður um Svarfaðardal austanverðan að Sökku. Reykjavík. FS168-99093.

Yfirlitsmyndir og sniðteikningar




Skáldalækur Svarfaðardal - skurður 1

Norðursnið skurðar sem tekinn var í austurvegg stekkjartóftar

04.09.2009

GZ, GSS



1. Grasrót



2. Óhreyfð fokmold



3. Rótað, fokjarðvegur og hrun úr torfvegg [4]



4. Torfveggur með dökkri gjósku



5. Dökkt feitt lífrænt lag, líklega gólflag



6. Hrun úr torfvegg [7]



7. Torfveggur með dökkri gjósku



Steinar



8. Lagskipt lárétt gólflög með fokmoldá milli sumra laganna



9. Óhreyft fokmoldarlag með fokdreif af H1104



10. Óhreyft, ekki merki um H1104, rauður og grár mýrarjarðvegur



11. Rót og hrun úr torfvegg [12]



12. Torfveggur með mjög niðurbrotnu torfi sem í er dökkleit gjóska



13. Rótað lag með torfflygsum




14. Lífrænt feitt lag, líklega gólflag

Skáldalækur, Svarfaðardal - skurður 2

Suðursnið vestast í tóftasvæði

04.09.2009

GZ, GSS



1. Gräsrot



2. Fokmold



3. Rótað torf



4. Rótað torf með
H1104 flekkjum



6. Óhreyfð fokmold



7. Rótað torf, líklega úr þekju



8. Nokkur aðgreind góflög með
móösku og kolum og lífrænum leifum



9. Rótað lag með torfflygsum.



10. Rótað lag með miklu af H3,
líklega til að slétta undir
byggingu





Náttúrulegur jarðvegur, H3

Skáldalækur - Svarfaðardal

Lega veglínu og tófta



Útmörk tóftasvæðis



Útmörk fláa

Veglína